

# Ferðatrygging

Skilmáli nr. F-1

Í skilmála þessum merkir hugtakið "félagið" Vörð tryggingar hf.  
Vátrygging þessi skiptist í 4 meginhluta:

## I kafli. Ferðasjúkratryggingu og ferðarofstryggingu

## II. kafli. Ferðaslysatrygging

## III. kafli. Farangurstryggingu

## IV. kafli. Almenn ákvæði

Um vátrygginguna gilda vátryggingaskírteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í almennum skilmálum ganga framur ákvæðum þessara skilmála ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

## I. kafli.

### Ferðasjúkra- og ferðarofstrygging.

#### 1. gr. Bótasvið

Ef vátryggður slasast, veikist eða deyr á ferðalagi erlendis, greiðir ferðasjúkratryggingin óhjákvæmilegan og eðlilegan kostnað, sem af hlýst, samkvæmt ákvæðum skilmálanna.

#### 2. gr. Bætur

Vátryggingin bætir eftirtalinn kostnað:

- 2.1 Sjúkrahúsvist erlendis ásamt læknishjálpi, lyfjum og annarri þjónustu, sem sjúkrahúsið veitir. Vistin og meðferðin skulu vera fyrirskipuð af lækni og greiðslan miðast við almennt sjúkrahús í viðkomandi landi.
- 2.2 Læknishjálpi og lyf að læknisráði.
- 2.3 Kvalastillandi tannviðgerðir, en þó aðeins í neyðartilvikum. Hámark bóta vegna tannviðgerða er 0,4% af hámarkssjúkrakostnaði vátryggingarinnar.
- 2.4 Aukaútgjöld vegna sérstakrar hótelvistar, þegar læknir álitur, að meðferð geti farið fram á hóteli. Til þessara útgjalda telst kostnaður vegna hjúkrunar, sjúkræfæðis o.s.frv. Hámarksbætur vegna þessa kostnaðar eru 0,4% af hámarkssjúkrakostnaði vátryggingarinnar, á sólarhring.
- 2.5 Aukaútgjöld vegna heimferðar eða ferðar til þess að ná fyrirfram ákveðinni ferðaáætlun vegna tafar af völdum sjúkravistar vátryggðs að læknisráði, ásamt ferðakostnaði fylgdarmanns, telji trúnaðarlæknir félagsins slíks þörf.
- 2.6 Slasist vátryggður, veikist alvarlega eða deyi á ferð sinni, greiðir félagið aukakostnað náins ættingja, sé hann með í för eða ef hann er kvaddur til dvalarstaðar vátryggðs með samþykki trúnaðarlæknis félagsins. Hámarksbætur vegna þessa kostnaðar eru 4% af hámarkssjúkrakostnaði vátryggingarinnar.
- 2.7 Telji læknir sá, sem annast hefur þann sem tryggður er, að heimferð með venjulegum farartækjum sé nauðsynleg og fullnægjandi, nægir félaginu skrifleg staðfesting hans. Í slíkum tilvikum greiðast aukaútgjöld vegna heimferðarinnar, t.d. aukasæti, dýrari farrými o.s.frv. Ef um svo alvarlegan sjúkdóm eða slys er að ræða, að læknirinn telur að flytja verði þann sem tryggður er, heim með öðrum hætti, þarf skriflega staðfestingu trúnaðarlæknis félagsins á flutningnum.
- 2.8 Nú deyr vátryggður á ferð sinni og greiðir félagið þá kostnað við flutning hins látna til Íslands svo og annan aukakostnað samferðarmanns hans og kostnað við lögboðnar ráðstafanir.
- 2.9 Félagið greiðir nauðsynleg viðbótarútgjöld vegna heimferðar til Íslands, ef vátryggður neyðist til að rjúfa utanlandsdvöl sína vegna eftirtalinna atvika, en hámark bóta skv. þessum lið er 4% af hámarkssjúkrakostnaði vátryggingarinnar
  - a) Andlát, alvarlegt slys eða skyndileg og alvarleg veikindi maka, barna, foreldra eða systkina vátryggðs.
  - b) Verulegt eignatjón á heimili vátryggðs, eða í einkafyrirtæki hans, sem gerir nærveru hans nauðsynlega. Samráð skal haft við félagið um það hvort heimferðar er þörf.
  - c) Verði orlofsdvöl rofin samkvæmt fyrirmælum læknis áður en hún er hálfnuð eða hafi vátryggður legið á sjúkrahúsi a.m.k. hálfan ferðatímunn, greiðir félagið andvirði ferðar sjúklingsins. Verði ferð rofin án þess að ofangreindum skilyrðum sé fullnægt, greiðir félagið hvorki ónýttan hluta ferðakostnaðar né nýja utanferð í stað þeirrar sem rofin var.

#### 3. gr. Takmarkanir á bótaskyldu vegna ýmiskonar athafna eða aðstæðna

Vátryggingin bætir ekki skv. ákvæðum 2. gr. þessa kafa, tjón sem rekja má til:

- 3.1. slysa, sem verða í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum. Einnig eru undanskilin slys, er verða við að klífa fjall, í bjargsigi, hnefaleikum, hvers konar glímu, bifreiða- og vélhólaíþróttum, drekaflugi, fallhlífarstökki, froskköfun og öðru sambærilegu;
- 3.2. slysa, sem verða í flugi, nema vátryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi til slíks flugs hjá hlutaðeigandi flugmálayfirvöldum;
- 3.3. slysa, sem verða í sviffugi, listflugi, við þátttöku í landkönnunarferðum, villidýraveiðum eða í ferðum, sem talist geta rannsóknarleiðangrar.
- 3.4. slysa, sem vátryggður verður fyrir í handalögmáli, við þátttöku í refsiverðum verknaði, undir áhrifum deyi- og eiturlyfja eða í ölæði, nema sannað sé, að ekkert samband hafi verið milli ástands þessa og slyssins.
- 3.5. slysa vegna ljósabaða, lækni meðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema meðferðin sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss.

- 3.6 slysa sem orsakast af nautnalyfjum eða af notkun læknislyfja, nema það sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss. Slyss vegna kvalastillandi lyfja eða svefnlyfja eru alltaf undanskilin bótaábyrgð félagsins;
- 3.7 slysa vegna eitraðra lofttegunda, nema það hafi orðið skyndilega og án vilja váttryggðs.
- 3.8 slysa, sem verða vegna stórkostlegs gáleysis váttryggðs.
- 4. gr. Aðrar takmarkanir á bótaskyldu**  
Váttryggingin greiðir ekki bætur vegna:
- 4.1 sjúkdóma er verða á 9. mánuði meðgöngutíma, fæðinga eða fóstureyðinga;
- 4.2 sjúkdóma eða slysa, er eiga rót sína að rekja til neyslu áfengis, ávana- eða fíknilyfja;
- 4.3 langvinnra sjúkdóma og ekki vegna slysa, sem váttryggður hefur notið læknishjálpar við á síðustu 12 mánuðum fyrir upphaf ferðar;
- 4.4 áframhaldandi meðferðar, ef váttryggður neitar að láta flytja sig heim, þrátt fyrir ráð læknis, sem hefur stundað hann og trúnaðarlæknis félagsins;
- 4.5 læknismeðferðar erlendis lengur en í þrjú mánuði;
- 4.6 lyfja án læknisráðs, gervilima og gervitanna, gleraugna, snertisjónglerja, heyrnartækja o.s.frv.
- 5. gr. Ráðstafanir vegna slyss**  
Hinum váttryggða ber að leita læknis strax eftir að slyss eða sjúkdóm hefur borið að höndum, gangast undir nauðsynlegar læknisaðgerðir og fara í öllu að fyrirmælum læknis. Tilkynna skal slyss eða sjúkdóm þegar í stað, á þar til gerðum eyðublöðum félagsins ef unnt er, en annars á annan hátt til bráðabirgða. Það er skilyrði fyrir bótaskyldu félagsins skv. 2. gr. þessa kafla að fylgt hafi verið fyrirmælum þess læknis, sem hefur stundað sjúklinginn, og/eða trúnaðarlæknis félagsins.
- 6. gr. Réttur til krufningar**  
Deyi váttryggður af slysförum eða af sjúkdómi, hefur félagið rétt til að láta kryfja hinn látna til þess að leidd verði í ljós dánarorsök og annað sem máli gæti skipt fyrir bótaábyrgð félagsins. Félagið greiðir læknisvottorð.
- 7. gr. Bótafrádráttur**  
Félagið greiðir aðeins kostnað skv. 2. gr. þessa kafla, að því marki sem hann fæst ekki greiddur af öðrum aðila, t.d. Tryggingastofnun ríkisins.
- 8. gr. Eigin áhætta**  
Eigin áhætta váttryggðs í hverju tilviki kemur fram á váttryggingarskírteininu.
- 9. gr. Annað**  
Að öðru leyti gilda ákvæði IV. kafla þessa skilmála.

## II. kafli

### Ferðaslysatrygging

- 1. gr. Bótasvið**
- 1.1 Félagið greiðir bætur vegna slyss er sá sem váttryggður er, verður fyrir eins og segir í skilmálum þessum. Með orðinu „slyss“ er hér átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem váttryggður er og gerist án vilja hans. Félagið greiðir bætur vegna;
- Tímabundins missis starfsorku
  - Andláts vegna slyss
  - Varanlegar læknisfræðilegrar örorku
  - Tannbrots
- 1.2 Váttryggingin nær ekki til slysa af völdum skráningarskylds vélknúins ökutækis.
- 2.gr. Bætur við tímabundinn missi starfsorku.**
- 2.1 Valdi slyss tímabundnum missi starfsorku, greiðir félagið dagpeninga í samræmi við þá fjárhæð sem í gildi var á slysdegi. Dagpeningarnir greiðast í hlutfalli við starfsorkumissinn frá lokum biðtíma og svo lengi sem váttryggður er óvinnufær að mati læknis, þó ekki lengur en í 48 vikur og ekki fyrir tímabil að loknum 3 árum frá slysdegi. Stafi starfsorkumissir slasaða að einhverju leyti af öðrum orsökum en slysinu, lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við það hvern þátt þessar orsakir eiga í missi starfsorkunnar.
- 2.2 Félagið bætir ekki tímabundinn starfsorkumissi sem er minni en 50% af eðlilegri starfsorku. Félagið metur starfsorkumissinn og varanleika hans á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja.
- 2.3 Félagið greiðir ekki bætur vegna tímabundins missis starfsorku ef hann er af völdum skráningarskylds vélknúins ökutækis.
- 2.4 Félagið greiðir ekki bætur fyrir tímabundinn missi starfsorku eftir að hann er orðinn varanlegur samkvæmt læknisvottorði eða örorkumati.
- 3. gr. Bætur vegna andláts**
- 3.1 Valdi slyss dauða þess sem váttryggður er, innan eins árs frá slysdegi, greiðist váttryggingarfjárhæð sem í gildi var á slysdegi að frádregnum bótum fyrir varanlega örorku sem félagið kann að hafa greitt vegna sama slyss. Dánarbætur greiðast því aðeins að slysið sé bein og eina orsök þess að váttryggður deyr. Réttthafi dánarbóta er maki, hvort sem er í hjúskap, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð. Sé váttryggður barn greiðast dánarbætur til foreldra þess eða þess foreldris sem telst til váttryggðs í þessari váttryggingu, ef þau bæði teljast ekki til váttryggðra. Eigi ekkert af þessu við greiðir félagið dánarbætur til réttthafa samkvæmt lögum eða erfðaskrá.
- 3.2 Með hugtakinu óvígð sambúð er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð, eða þá að sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár.
- 3.3 Hafi váttryggður engan á framfæri sínu greiðast 25% af váttryggingarfjárhæðinni. Með framfæranda er átt við þann, sem sannanlega hefur barn eða fullorðin einstakling á framfæri sínu.
- 4.gr. Bætur vegna varanlegrar örorku**

## **Mat á örorku**

- 4.1 Örorku skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflum Örorkunefndar um miskastig sem í gildi eru þegar örorkumat fer fram. Metin er skerðing á líkamlegri færni, án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu hins slasaða. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflum Örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega með hliðsjón af töflunum. Örorka getur aldrei talist meiri en 100%.
- 4.2 Valdi slys váttryggðum varanlegu líkamstjóni innan þriggja ára frá því að slysið varð greiðast örorkubætur á grundvelli þeirrar grunnváttryggingarfjárhæðar sem var í gildi á slysdegi.
- 4.3 Slys sem einungis valda lýti eru ekki bótaskyld.
- 4.4 Missir eða bæklun á útlím eða líffæri sem var ónothæft fyrir slysið gefur ekki rétt til örorkubóta. Vegna missis eða bæklunar á útlím eða líffæri sem áður var bæklað, skal meta örorku með hliðsjón af bækluninni fyrir slysið. Ef missir útlíma eða líffæra er ekki alger, bætist örorkan hlutfallslega.
- Hvenær er örorka metin ?**
- 4.5 Örorkan ákveðst í fyrsta lagi einu ári eftir slysið með hliðsjón af ástandi slasaða þá, annars síðar, þegar læknir telur að varanlegar afleiðingar slyssins hafi komið í ljós, þó ekki síðar en þremur árum eftir slysið. Telji slasaði eða félagið að örorkan geti breyst, getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en í þrjú ár frá slysdegi. Hvor aðili um sig getur krafist nýs örorkumats að liðnu einu ári frá því að hið fyrra fór fram. Hinum slasaða er þá skylt að láta lækni tilnefndan af félaginu skoða sig. Ef hinn slasaði færir undan þessari skyldu, getur félagið tekið fyrir greiðslur til hans, þar til skoðun hefur farið fram.
- 4.6 Þótt gera megi ráð fyrir að ástand hins slasaða kunni að breytast skal undantekningarlaust framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir slysið. Í þessu tilfalli ber að ákveða örorkuna eins og gera má ráð fyrir að hún verði endanleg. Ef líkur eru til að ástand hins slasaða megi bæta með lækni meðferð eða þjálfun og hann veigrar sér við án gildra ástæðna að gangast undir slíka meðferð, ber samt sem áður við ákvörðun örorkustigs að taka tillit til hugsanlegs bata sem slík meðferð kynni að hafa í för með sér.

## **Bótafjárhæð vegna örorku**

- 4.7 Bætur vegna varanlegrar örorku greiðast í hlutfalli við hlutfalli við grunnupphæð örorkubóta sem í gildi var á slysdegi og kemur fram á váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun, þó þannig að hvert örorkustig frá 26-50% verkar tvöfalt, hvert örorkustig frá 51-75% verkar þrefalt og hvert örorkustig frá 76-100% verkar fjórfalt. Bætur við örorku sem metin er 100% verða því 250% af grunnupphæð vegna örorkubóta sem getið er í skírteini eða iðgjaldskvittun.

## **5.gr. Bætur vegna tannbrots**

- 5.1 Félagið greiðir viðgerðir á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum sem laskast eða brotna við slys. Greiðsla félagsins takmarkast þó við 5% af grunnupphæð örorkubóta vegna hvers slyss og samanlagðar greiðslur vegna slysa á einu váttryggingarári við 7,5% af sömu fjárhæð.
- 5.2 Félagið bætir þó ekki brot á tönnum sem verða við vinnuslys, sbr. lög um almannatryggingar eða brot, sem ber að höndum þegar váttryggður matast.
- 5.3 Váttryggingin greiðir aðeins þau tanntjón sem ekki fást greidd af öðrum aðila, t.d. Tryggingastofnun ríkisins sbr. lög nr. 117/1993 og reglugerð nr. 576/2005 eða váttryggjanda bifreiðar.

## **6.gr. Aldursmörk**

Váttryggingin gildir til 70 ára aldurs váttryggðs. Börn yngri en 16 ára eru ekki váttryggð gegn tímabundnum missi starfsorku.

## **7.gr. Takmarkanir á greiðsluskyldu**

- 7.1 Váttryggingin tekur til slysa sem verða við almennar ípróttaiðkanir. Undanskilin eru þó slys sem verða í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar ípróttum. Undanþága þessi á þó ekki við börn yngri en 16 ára.
- 7.2 Ekki eru bætt slys sem verða í hnefaleikum, hvers konar glímu- og bardagaípróttum, akstursípróttum, bjargsigi, fjallaklifri, froskköfun, fallhlífarstökki, teygjustökki, drekaflugi og sviffugi.
- 7.3 Ekki eru bætt slys sem verða í flugi, nema að sá sem tryggður er sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda. Ekki eru bætt slys sem verða í sviffugi.
- 7.4 Vegna slysa sem verða í landkönnunarferðum, við dýraveiðar sem fela í sér sérstaka áhættu sem er meira en almennt getur talist eða í ferðum sem geta talist rannsóknaleiðangrar eða annað því tengt nema það sé sérstaklega tryggt og tilgreint á skírteini.
- 7.5 Ekki eru bætt slys sem verða vegna ljósabaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema það sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss og gerð á viðurkenndri heilbrigðisstofnun. Slys vegna kvalastillandi lyfja eða svefnlyfja eru alltaf undanskilin bótaábyrgð félagsins.
- 7.6 Ekki eru bætt slys sem verða vegna matareitrunar, drykkjareitrunar eða neyslu eitur- eða nautnalyfja.
- 7.7 Ekki eru bætt slys sem váttryggður verður fyrir í handalögmáli eða við þátttöku í refsiverðum verknaði.
- 7.8 Ekki eru bætt slys vegna eittraðra lofttegunda nema það hafi orðið skyndilega og án vilja þess sem tryggður er.
- 7.9 Slys af völdum vélknúins, skráningarskylds ökutækis.

## **8.gr. Aðrar takmarkanir á greiðsluskyldu**

- 8.1 Ef sjúkdómar, veiklun eða sjúklegt ástand váttryggðs eru meðorsakir dauða hans, greiðast engar dánarbætur. Þetta gildir hvort sem ástand þetta var til staðar þegar slysið varð, eða skapaðist síðar, án þess þó að vera beinlínis og einungis afleiðing af slysi, sem váttryggingin nær til.
- 8.2 Váttryggingin nær ekki til slyss, sem beint eða óbeint orsakast af sjóndepru, heyrnardeyfð, lömum, bæklun, flogaveiki, krampa, slagi, sykursýki eða öðrum alvarlegum sjúkdómum og/eða sjúkdómseinkennum. Hafi slíkar ástæður verið þess meðvaldandi, að váttryggður missir starfsorku varanlega, er einungis greitt fyrir þann starfsorkumissi, sem ætla má, að hann hefði orðið fyrir, ef þessar ástæður hefðu ekki komið til.
- 8.3 Jafnvel þótt slys verði talin sönnuð orsök greiðir félagið ekki bætur vegna eftirfarandi sjúkdóma eða sjúklegs ástands: Brjósklós, þursabit (lumbago ischias), liðagigt, slitgigt eða hvers konar aðrir gigtarsjúkdómar.

## **9.gr. Biðtími**

Með biðtíma er átt við það tímabil, sem samkvæmt váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun á að líða frá tjónsdegi, áður en dagpeningagreiðslur hefjast. Fyrir þetta tímabil eru ekki greiddir dagpeningar.

#### 10. gr. Ráðstafanir vegna slyss

- 10.1 Slasaða ber að leita læknis strax eftir að slys hefur borið að höndum, gangast undir nauðsynlegar lækniáðgerðir og fara í öllu að fyrirmælum læknis.
- 10.2 Tilkynna skal slys þegar í stað á þar til gerðum eyðublöðum félagsins, ef unnt er, en annars á annan hátt til bráðabirgða.
- 10.3 Þegar slys ber að höndum, er félaginu heimilt að láta trúnaðarlækni sinn skoða váttryggðan, svo og afla sér upplýsinga um fyrra heilsufar váttryggðs. Þegar læknishjálp lýkur eða þegar unnt er að dæma um afleiðingar slyssins skal senda félaginu læknisvottorð og bótakröfu. Deyi váttryggður af slysförum, á félagið rétt á að líkið verði krufið til að leidd verði í ljós dánarorsök og annað, sem máli gæti skipt um bótaábyrgð félagsins. Félagið greiðir nauðsynleg læknisvottorð.

#### 11. gr. Vísitölubinding bótafjárhæða

- 11.1 Bótafjárhæðir reiknast á grundvelli váttryggingarfjárhæða á slyssdegi en breytast með vísitölu neysluverðs á grundvelli verðlags í byrjun næsta mánaðar á eftir eins og hér segir:
- 11.2 Dánarbætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölnunnar frá slyssdegi til dánardags.
- 11.3 Örorkubæturnar breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölnunnar frá slyssdegi til uppgjörsdags. Vísitölubinding örorkubóta varir þó aldrei lengur en í þrjú ár frá slyssdegi.

#### 12. gr. Annað

Að öðru leyti gilda ákvæði IV. kafla þessa skilmála.

### III. kafli.

#### Farangurstrygging

##### 1. gr. Bótasvið

- 1.1 Váttryggingin bætir tjón, sem verður á hinum váttryggða farangri af völdum bruna, þjófnaðar, ráns, flutnings Slyss, skyndilegs óhapps svo og ef hið váttryggða týnist alveg í flutningi, þó með þeim takmörkum sem um getur í skilmálum þessum.
- 1.2 Til farangurs teljast aðeins persónulegir lausafjarmunir sem hinir váttryggðu hafa með sér á ferðalagi.
- 1.3 Hámarksbætur fyrir hvern einstakan hlut, þar eða samstæðu í farangri eru skráðar á váttryggingarskírteinið og takmarkast bótaskylda félagsins við þá upphæð nema um sé að ræða hlut, sem verðlagður hefur verið sérstaklega, tilgreindur og skráður á skírteinið og sérstakt iðgjald greitt fyrir hann.

##### 2. gr. Váttryggingin bætir ekki:

- 2.1 tjón á peningum, bankaseðlum, ávísunum, skuldabréfum, vaxtamiðum, farmiðum, frímerkjum, veðskuldabréfum, handritum né öðrum verðbréfum;
- 2.2 brot á brothættum hlutum, hljómflytningstækjum, sjónvörpum, myndbandstækjum, rafeindabúnaði og öðrum sambærilegum búnaði, innri skemmdum svo sem vélrænum bilunum, skammhlaupi og öðrum skemmdum á rafkerfum, nema tjónið orsakist af bruna; eða af því að flutningstæki hlekkist á eða að árekstur verði á milli farartækja.
- 2.3 rispur, beyglur, mar eða núning sem ekki rýra notagildi munanna;
- 2.4 tóf vegna aðgerða opinberra aðila, löghaldi tollyfirvalda eða tjónum, sem stafa beinlínis af ófriði, uppreisn eða borgarróstum, né tjón sem stafar af eðlilegu sliti eða galla, skemmdum sem skaðleg smákvikindi valda t.d. mölur o.s.frv.;
- 2.5 tjón á munum sem rifna eða skemmast í notkun, s.s. íveruföt, skíði og önnur íþróttáhöld;
- 2.6 tjón vegna skemmda á ferðatöskum;
- 2.7 tjón á hlutum sem stolið er úr ólæstum híbýlum, geymslum, bifreiðum og bátum svo og hlutum sem skildir eru eftir, gleymast eða misleggjast á almannafæri, t.d. afgreiðslum flutningsaðila, baðströndum, tjaldstæðum, almennum snyrtiherbergjum o.s.frv.;

##### 3. gr. Eigin áhætta

Váttryggður ber 25% eigin áhættu í hverju tjóni. Lágmarksupphæð eigin áhættu í hverju tjóni kemur fram í váttryggingarskírteininu.

##### 4. gr. Váttryggingarupphæðin

Váttryggingarupphæðin kemur fram í váttryggingarskírteininu. Sé verðmæti farangursins meira en váttryggingarupphæðin greiddast bætur hlutfallslega.

##### 5. gr. Ráðstafanir vegna tjóns

- 5.1 Skemmist farangur eða týnist í flugi eða á meðan farangur er í vörslu flugfélags, er tjónþola skylt að tilkynna skemmdirnar/tapið strax við lendingu, eða innan 7 daga til afgreiðslu flugfélagsins á þar til gert eyðublað (P.I.R. - skýrslu). Tjónþoli skal framvísa afriti skýrslunnar til félagsins þegar tjón er tilkynnt.
- 5.2 Tilkynningu um tjón skal senda félaginu án ástæðulausrar tafar. Félaginu er heimilt að krefjast nákvæmrar sundurliðunar og verðlagningar á hinum váttryggðu munum.
- 5.3 Félaginu er heimilt að krefjast framvísunar á skemmdum munum.
- 5.4 **Varúðarregla: Váttryggður skal gæta farangurs síns vel og gera nauðsynlegar ráðstafanir, eftir því sem við verður komið til að koma í veg fyrir tjón.**

##### 6. gr. Annað

Að öðru leyti gilda ákvæði IV. kafla skilmálans.

### IV. kafli.

#### Almenn ákvæði.

**1. gr. Gildistaka**

Vátryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er á vátryggingarskírteini. Vátryggingin er skammtímatrygging og endurnýjast ekki nema um annað sé samið.

**2.gr. Hvar gildir vátryggingin?**

Vátryggingin gildir á ferðalagi erlendis fyrir almenna ferðamenn og námsmenn. Stundi vátryggður einhverja atvinnu erlendis er unnt að innifela það í vátryggingunni með áritun á vátryggingarskírteinið og greiðslu viðbótariðgjalds.

**3. gr. Greiðsla bóta- Vextir af tjónskröfum**

Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf er á til að meta bótaskyldu og fjárhæð tjóns.

**Skilmálar þessir gilda frá 01.01.2019**